


Akureyri 20. febrúar 2009

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá efnahags- og skattanefnd Alþingis **frumvarp til laga um virðisaukaskatt**, 289. mál, hækkun endurgreiðsla vegna vinnu á byggingarstað. Stjórnin samþykkti eftirfarandi:

Stjórn Eyþings telur framgang frumvarpsins mikilvægan í því erfiða efnahags- og atvinnuástandi sem stendur yfir. Þá telur stjórnin frumvarpið til þess fallið að draga úr svartri atvinnustarfsemi og um leið stuðla að auknu jafnræði í skattalegu tilliti. Stjórnin mælir því með samþykkt frumvarpsins en hvetur til þess að endurgreiðslan verði einnig látin taka til mannvirkja sveitarfélaga. Það mun hvetja til mannaflsfrekra framkvæmda.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson  
framkvæmdastjóri